

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343 19. september 1978 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins

1. gr.

4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar varamenn fyrir aðalmenn í stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Skulu þeir skipaðir til sama tíma og aðalmenn og tilnefndir á sama hátt og þeir. Þá skipar ráðherra formann sjóðsstjórnar og varaformann. Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Skal skipunartími þeirra varamanna í sjóðsstjórn er ráðherra skipar eftir gildistöku reglugerðar þessarar vera til 1. október 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979, með síðari breytingum.

1. gr.

Í grein 1.7. I. kafla reglugerðarinnar kemur inn nýr staðall á eftir ÍST 13, sem er ÍST 50. Flatarmál og rúmmál bygginga.

2. gr.

Úr gr. 1.8. í I. kafla reglugerðarinnar fellur niður ÍST 50. Flatarmál og rúmmál bygginga.

Samkvæmt þessum breytingum skal framvegis reikna stærðir bygginga samkvæmt ÍST 50 í grein 1.7.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.